

Vill opna alþjóðlegt grafíkverkstæði á Stöðvarfirði

Nú er í undirbúningi opnun alþjóðlegs grafíkverkstæðis á Stöðvarfirði. Er hugmyndin sú að þar verði einnig stór sýningaraðstaða og gestaíbúð fyrir myndlistarmenn. **Steinunn**

Ásmundsdóttir heimsótti Ríkharð Valtingoer grafíklistamann í Gallerí Snærós á Stöðvarfirði.

Það er Ríkharður Valtingoer myndlistarmaður á Stöðvarfirði sem er hugmyndasmiðurinn að baki áformum um alþjóðlegt grafíkverkstæði. Hann hefur um árabil verið með listasmíðju á sumrin fyrir íslenska myndlistarmenn, ekki síst í grafík og var nýlega, með bættri aðstöðu í húsnæði sínu, með sænska listamenn á námskeiði.



Grafíkverk unnið með nýrri tækni sem Ríkharður hefur rannsakað.

[]

Ríkharður er frá Austurríki og er vel þekktur grafíklistamaður hérlendis og í Evrópu. Hann lærði silfursmíði og myndlist í Graz í Austurríki og útskrifaðist frá málaraeild Listaakadémiunnar í Vín. Hann kenndi lengi við Myndlistar- og handíðaskóla Íslands, síðar Listaháskóla og hefur í mörg ár ýmist búið á Stöðvarfirði, í Reykjavík eða erlendis. Hann er nú fyrir fullt og fast fluttur á Stöðvarfjörð og rekur þar Gallerí Snærós með konu sinni, Sólrúnu Friðriksdóttur, sem einnig er myndlistarmaður.

Gamla skólahúsið á Stöðvarfirði, sem einnig hefur gegnt hlutverki kvikmynda- og samkomuhúss, verður væntanlega nýtt undir væntanlegt alþjóðlegt grafíkverkstæði. Framvinda málsins byggist þó á afstöðu nýrrar sveitarstjórnar sameinaðra Búða- og Stöðvahreppa, sem kosin verður síðar í mánuðinum. Komist grafíkverkstæðið fót, með sýningarsal og annarri aðstöðu, hyggst Ríkharður leggja safninu til allt að 150 verk eftir sjálfan sig, ásamt fjölda verka þekktra grafíklistamanna. Hann telur ákjósanlegt að nýta gamla skólahúsið, en það þarfnast nokkurra endurbóta. Meðal annars þarf að smíða sýningarsal á bak við húsið og laga það allt að utan. Sveitarstjórn Stöðvarhrepps hafði, að sögn Ríkharðs, gefið vilyrði fyrir því að framkvæmdir hæfust í sumar sem leið, en vegna sameiningarmála muni þær tefjast hið minnsta fram á næsta sumar, ef af þessu verði yfirhöfuð.

Stöðvarfjörður í góðum tengslum við umheiminn

Ríkharður hefur búið á Stöðvarfirði með hléum frá árinu 1985.

"Það er fínt að vinna að myndlist hérna" segir Ríkharður. "Ég sel verkin mín víða, hér eru þau helst seld ferðamönnum, en annars sel ég mest erlendis, ekki síst í Austurríki, Sviss og á Ítalíu. Þar eru gallerí að selja fyrir mig og svo seljast alltaf myndir á alþjóðlegum sýningum." Ríkharður segir ekki vera neitt vandamál að halda uppi samskiptum á milli Stöðvarfjarðar og útlanda, hann sé vel tengdur starfsbræðrum sínum um víða veröld.

Vinnur að nýrri tækni í grafíklistinni

Ríkharður hefur undanfarin ár verið í tilraunastarfsemi í grafíkinni og haldið fyrirlestra víða um lönd um nýja tækni sem hann hefur þróað. Hann kom nýlega fyrir hjá sér mjög fullkominni pressu og hefur verið að endurbæta húsnæði þeirra Sólrúnar, þannig að nú er auðveldara að bjóða upp á námskeið og listsmiðjur þar.

"Þessi nýja tækni er byggð á gömlum og nýjum hugmyndum mínum og annarra, sem ég vef saman á nýjan hátt og úr verður spennandi grafíkafbrigði," segir Ríkharður.

"Þetta er gert á koparplötum sem eru með ljósnæmri gelatínhúð. Þegar platan er lýst herðast ákveðnir hlutar gelatínhúðarinnar, sem skapa ljósari fleti. Herslan byggist á ljósmagninu. Síðan er platan sett í vatn og gelatínið, sem ekki hefur herst, er skolað í burtu lag fyrir lag. Þá er hún lögð í sýrubað og sýran étur sig gegnum gelatínið á mismunandi hátt eftir þykkt þess." Ríkharður segir þetta albestu grafíktæknina, en hún sé afar vandasöm. Hann tekur sem dæmi að hafa eyðilagt allt að 70 plötur við gerð einnar myndar.

"Þetta er í sjálfu sér gömul tækni, en áður fyrr þurftu menn að gelatínhúða plöturnar sjálfur og það var flókið mál. Núna er hægt að fá forhúðaðar koparplötur, sem einfaldar verkið töluvert" segir hann.

Ríkharður segist ætla að halda áfram að bjóða myndlistarmönnum, íslenskum og erlendum, í smiðju til sín til að kanna möguleika þessarar tækni og hefjast svo handa við undirbúning alþjóðlega grafíkverkstæðisins þegar gefið verður grænt ljós á framkvæmdina, sem vonandi verður að veruleika.

